

L Ö G

81

23. júní

um sveitarstjórnarkosningar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

I. KAFLI

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir. Tala bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmanna.
Kjörtímabil og hvenær kosningar fara fram.

1. gr.

Í hverjum kaupstað skal vera bæjarstjórn. Bæjarstjórnir utan Reykjavíkur
skulu skipaðar 7—15 bæjarfulltrúum, en í Reykjavík 15—21 bæjarfulltrúum.
Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, ákveður ráðherra tölu bæjarfulltrúa
samkvæmt tillögum hreppsnefndar. Ráðherra getur breytt tölu bæjarfulltrúa
innan þeirra takmarka, sem hér eru sett, samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera hreppsnefnd. Hreppsnefndir skulu skipaðar
3—7 mönnum. Hreppsnefnd getur breytt tölu hreppsnefndarmanna innan þeirra
takmarka, sem hér eru sett, með samþykki sýslunefndar.

3. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu kosnar til 4 ára í senn (sbr. þó 5. gr.).
Um leið og kosnir eru bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, skal kjósa menn
til vara um sama tímabil, er taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í forföllum
þeirra eftir þeim reglum, sem greinir í XV. kafla þessara laga. Fer um kosning-
una samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Eigi er skylt að kjósa varamenn í hreppsnefndir þar, sem hreppsnefndar-
kosningar eru óhlutbundnar.

4. gr.

Almennar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram fjórða
hvert ár. Bæjarstjórnarkosningar og hreppsnefndarkosningar í þeim hreppum,
þar sem fullir $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru búsettir í kaптúni, fari fram síðasta sunnu-
dag í janúarmánuði, en aðrar hreppsnefndarkosningar síðasta sunnudag júní-
mánaðar. Þó er ráðherra heimilt að veita leyfi til, að hreppsnefndarkosningar í

81 þeim hreppum, þar sem $\frac{3}{4}$ hlutar íbúanna eru búsettir í kaupsbúðum, fari fram síð-
23. júní asta sunnudag í júnímánuði.

5. gr.

Ef kosning bæjarstjórnar eða hreppsnefndar ferst fyrir á tilskildum eða auglýstum tíma, skal efna til kosninga á ný, svo fljótt sem því verður við komið.

Þegar hreppur fær kaupstaðarréttindi, skal kjósa bæjarstjórn, svo fljótt sem því verður við komið, nema lög ákveði annað.

Þegar hreppi er skipt, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum, svo fljótt sem því verður við komið.

Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðst meiri hluti bæjarfulltrúa fyrir kosningu hans, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur ráðherra þá ákveðið, að bæjarstjórnarkosningar skuli fara fram á ný.

Nú verður bæjarstjórn eða hreppsnefnd af einhverjum ástæðum ekki fullskipuð fyrir það, að varamenn eru ekki fyrir hendi til að taka autt sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal þá kosning fara fram á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanni og varamanni í hið auða sæti, svo fljótt sem því verður við komið.

Kjörtímabil bæjarstjórnar í nýjum kaupstað og kjörtímabil hreppsnefndar í nýjum hreppi skal aldrei standa lengur en til næstu almennra bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga. Sama gildir um bæjarstjórn, sem kosin er að nýju samkvæmt heimild 4. málsgreinar, og um bæjarfulltrúa og hreppsnefndarmenn, sem kosnir eru samkvæmt 5. málsgrein þessarar greinar.

Allar kosningar, sem fara fram samkvæmt þessari grein, skulu yfirkjörstjórnir auglýsa mjög rækilega og með nægum fyrirvara, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

II. KAFLI

Kosningarréttur og kjörgengi.

6. gr.

Kosningarrétt við kosningar til bæjarstjórna og hreppsnefnda hafa allir, karlar og konur, sem

1. eru 21 árs að aldri, þegar kosning fer fram,
2. eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,
3. hafa óflekkað mannorð,
4. eru fjárráðir.

Um óflekkað mannorð og fjárræði gilda sömu reglur og þegar um er að ræða kosningarrétt við kosningar til Alþingis.

Kjósandi neytir kosningarréttar síns í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann er búsettur, eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja.

7. gr.

81

Kjörgengir í bæjarstjórn og hreppsnefnd eru allir þeir, sem kosningarrétt 23. júní hafa og hans mega neyta í viðkomandi kaupstað eða hreppi.

Ekki mega hjón né menn skyldir að niðjatali sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

8. gr.

Skýlt er bæði konum og körlum, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í bæjarstjórn og hreppsnefnd. Þeim, er setið hefir í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskýlt að taka við kjöri fyrr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti, enda tilkynni hann yfirkjörstjórn í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er út runninn, að hann skorist undan endurkjöri.

III. KAFLI

Kjördeildir.

9. gr.

Um -skiptingu kaupstaða og hreppa í kjördeildir við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til Alþingis.

IV. KAFLI

Kjörstjórnir.

10. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningum stjórna kjörstjórnir. Í hverjum kaupstað og hreppi, sem skipt er í kjördeildir, skal vera yfirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, að viðhöfðum hlutfalls-kosningum, kjörstjórnir til eins árs í senn úr hópi kjósenda kaupstaðarins eða hreppsins, og jafnmarga til vara. Kjörstjórn velur sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Varamenn taka sæti í kjörstjórnnum í forföllum aðalmanna eftir sömu reglum og þegar um kjörstjórnir við kosningar til Alþingis er að ræða, og á sama hátt skal fylla tölu kjörstjórnar, ef varamenn eru ekki fyrir hendi.

V. KAFLI

Kjörskrár.

11. gr.

Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum. Skulu kjörskrár samdar í febrúar-

81 mánuði ár hvert, samtímis því sem kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis eru samdar. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrár í kaupstöðum og í hreppum, þar sem almennar hreppsnefndarkosningar fara fram í janúarmánuði, gilda frá 24. janúar næsta ár eftir að þær eru samdar til 23. janúar næsta ár þar á eftir, en í öðrum hreppum frá 24. maí það ár, sem þær eru samdar, til 23. maí næsta ár á eftir.

12. gr.

Á kjörskrá til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga skal taka:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 6. greinar þessara laga og eru, þegar kjörskrá er samín, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til.
2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessarar greinar, að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur, ef þeir hafa náð þeim aldri áður en kjörskráin gengur úr gildi, enda skal þess þá getið í athugasemd við nafn þeirra, hvaða mánaðardag þeir hafa náð fullum aldri.

13. gr.

Um allan frágang kjörskrár til bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosninga, að öðru leyti en því, er segir í 12. gr. um það, ef vanrækt hefir verið að semja kjörskrá í tæka tíð, um aðgang almennings að kjörskrá frá því að hún hefir verið samín og þangað til hún gengur í gildi, fer á sama hátt sem um kjörskrár við kosningar til Alþingis.

14. gr.

Nú eiga bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis almenníngi, og fer um allt, er að því lýtur, á sama hátt sem um kjörskrár fyrir kosningar til Alþingis. Um kjörskrárkærur og alla meðferð þeirra fer einnig á sama hátt sem um kjörskrárkærur, þegar um kosningar til Alþingis er að ræða.

15. gr.

Nú ber nauðsyn til, að bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, áðrar en almennar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar (sbr. 5. gr.), fari fram með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem annars er gert ráð fyrir, og má þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd stytta þetta allt hlutfallslega, enda auglýsi hún það nákvæmlega, jafnframt því sem kosningin er auglýst.

16. gr.

Allar bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einni kjördeild við sömu bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og ekki við fleiri en einar bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar, sína á hverjum stað, er fara fram

samtímis eða með styttra millibili en eins árs. Ef kjósandi er á kjörskrá í fleiri 81
kjördeildum en einni eða í fleiri kaupstöðum eða hreppum en einum, ræður 23. júní
hann sjálfur, hvar hann neytir kosningarréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 12. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefir öðlzt atkvæðisrétt á kjördegi, annars ekki.

VI. KAFLI

Framboð.

17. gr.

Allar kosningar samkvæmt lögum þessum skulu vera leynilegar. Bæjarstjórnir og hreppsnefndir í hreppum, þar sem fullir $\frac{3}{4}$ íbúanna eru búsettir í kaupsýni, skal kjósa hlutfallskosningu. Sama gildir um kosningar í öðrum hreppum, ef $\frac{1}{10}$ hluti kjósenda krefst þess bréflaga við oddvita kjörstjórnar 6 vikum fyrir kjördag. Þó nægir, að 25 kjósendur krefjist þessa.

18. gr.

Þegar bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar eiga að fara fram, skulu framboðslistar afhentir oddvita yfirkjörstjórnar eigi síðar en 21 degi fyrir kjördag. Oddviti skal gefa vottorð um móttöku hvers lista.

Á framboðslista skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn. Nú berst yfirkjörstjórn listi með fleirum nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Hverjum framboðslista skal fylgja skrifleg yfirlýsing frá kjósendum í kaupstaðnum eða hreppnum um, að þeir styðji kosningu listans. Þessir meðmælendur hvers lista mega í Reykjavík ekki vera færri en 100 og ekki fleiri en 200, í öðrum kaupstöðum ekki færri en 20 og ekki fleiri en 40, og í hreppum ekki færri en 10 og ekki fleiri en 20.

Yfirkjörstjórn úrskurðar um kjörgengi. Úrskurði kjörstjórnar má áfrýja til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Úrskurði bæjarstjórnar eða hreppsnefndar má aftur áfrýja á sama hátt sem fyrir er mælt í 36. gr., ef úrskurður fellur um, að bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi.

Ef frambjóðandi deyr áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn, má innan þriggja daga setja mann í sæti hans á listanum, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess.

VII. KAFLI

Umboðsmenn.

19. gr.

Hverjum framboðslista skal fylgja til yfirkjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans, hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Um umboðsmenn við bæjarstjórnar- og hlutbundnar hreppsnefndarkosningar gilda hliðstæðar reglur við það, sem gildir um umboðsmenn við kosningar til Alþingis.

VIII. KAFLI

Kosningaundirbúningur.

20. gr.

Kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar á sama hátt sem Kjörstjórnir við kosningar til Alþingis.

21. gr.

Jafnskjótt sem framboðsfrestur er liðinn heldur yfirkjörstjórn fund og tekur til meðferðar að úrskurða framboðslistana. Skal umboðsmönnum gefinn kostur á að vera viðstaddir, og fer um allt, er að þessu lýtur, í samræmi við gildandi reglur um úrskurðun framboðslista við kosningar til Alþingis.

22. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir listar verði í kjöri, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum, A, B, C o. s. frv., í samræmi við gildandi reglur um lista við kosningar til Alþingis. Ef listar eru ekki bornir fram af pólitískum flokkum, merkir yfirkjörstjórn þá í stafrófsröð, eftir því sem þeir hafa borizt henni eða eftir samkomulagi við umboðsmenn.

Því næst gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu, sem birt er á sama hátt sem á hverjum stað er títt að birta opinberar auglýsingar. Í auglýsingunni skal greina bókstaf hvers lista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í rétttri röð.

23. gr.

Yfirkjörstjórn sér um gerð kjörseðla, er notaðir verða á kjörfundi við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

Kjörseðil við hlutbundnar kosningar skal gera þannig:

Á hæfilega stórt blað úr góðum þykkum pappír skal prenta eða fjölrita listana hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í rétttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef

nauðsyn þykir til aðgreiningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum lang- 81
 strikum, og skal að minnsta kosti $\frac{1}{2}$ cm. breitt bil vera fyrir framan nöfnin á 23. júní
 hverjum lista. Efst á seðlinum skal standa sem fyrirsögn **Kjörseðill við bæjar-
 stjórnar (hreppsnefndar) kosningar íkaupstað (hreppi)**, með
 dagsetningu og ártali.

Kjörseðlar við óhlutbundnar kosningar skulu allir vera jafnstórir, með sama
 lit og úr strikuðum pappír.

Yfirkjörstjórn afhendir undirkjörstjórnnum í tæka tíð jafnmarga kjörseðla
 sem kjósendur eru á kjörskrá í hverri kjördeild og 10% framyfir. Skal hún gæta
 sömu varúðar um alla meðferð kjörseðla og ganga jafntryggilega frá þeim til
 sendingar og skylt er um kjörseðla við kosningar til Alþingis.

Yfirkjörstjórnir skulu sjá um, að undirkjörstjórnir hafi við hendina á kjör-
 degi öll nauðsynleg kjörgögn, eins úr garði gerð og þegar um kosningar til
 Alþingis er að ræða. Þannig sendir hún þeim jafnframt kjörseðlunum kjörbók
 til afnota við kosninguna, árituð umslög: stórt umslag með utanáskrift yfir-
 kjörstjórnar og minni umslög undir ónýtta seðla, ágreiningsseðla og afgang-
 seðla, svo og handbók kosningalaga, sem út er gefin til leiðbeiningar við kosn-
 ingar til Alþingis, ásamt sérprentun af þessum lögum.

Atkvæðakassa, tilheyrandi poka og innsigli, sem notað er við kosningar til
 Alþingis, er heimilt að nota við bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar.

24. gr.

Þar, sem hreppi er ekki skipt í kjördeildir og hreppsnefndarkosning er
 óhlutbundin, skal vera ein kjörstjórn, og undirbýr hún kosninguna og stjórnar
 henni.

IX. KAFLI

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

25. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að verða staddir utan þess kaup-
 staðar eða hrepps, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er bæjarstjórnar- eða hrepps-
 nefndarkosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa
 heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar hvar sem er á landinu, og þó að-
 eins hjá einhverjum bæjarfógeta eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), eða
 á skrifstofu eða heimili hreppstjóra, og að svo miklu leyti, sem þeir hafa kjör-
 gögn fyrir hendi.

Í kaптúnunum, þar sem er sérstakur lögreglustjóri, sem ekki er jafnframt
 sýslumaður, er heimilt að greiða atkvæði hjá honum, og ber hlutaðeigandi sýslu-
 manni að láta honum kjörgögn í té í þessu skyni.

Sem kjörgögn við þessa kosningu skal nota afgang utankjörfundargögn
 frá kosningum til Alþingis, og fer um allt, er að kosningunni lýtur, í samræmi
 við gildandi ákvæði um utankjörfundaratkvæðagreiðslu við kosningar til Alþingis.

X. KAFLI

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

26. gr.

Um kjörstaði og útbúnað þeirra gilda sömu reglur og við kosningar til Alþingis. Um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við bæjarstjórnar- og hlutbundnar hreppsnefndarkosningar fer að öllu leyti samkvæmt gildandi ákvæðum um atkvæðagreiðslu á kjörfundi við kosningar til Alþingis, þegar um er að ræða hlutbundnar kosningar. Atkvæðagreiðsla við óhlutbundnar kosningar fer fram með þeim hætti, að kjósandi gengur inn í kjörklefann og skrifar á kjörseðilinn fullt nafn og heimilisfang þeirra manna, sem hann vill kjósa. Brýtur kjósandi síðan seðilinn saman og stingur honum niður í atkvæðakassann.

XI. KAFLI

Kosningarúrslit.

27. gr.

Um það, ef ekki bjóða sig fleiri fram við bæjarstjórnar- eða hlutbundnar hreppsnefndarkosningar en kjósa á bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn, um talning atkvæða, um mat á gildum og ógildum atkvæðum og um úrslit kosninga, hverja skuli úrskurða kosna sem bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn og hverja varamenn, í hverri röð og hverjar atkvæðatölur þeirra séu hvers um sig, fer samkvæmt gildandi ákvæðum um kosningar til Alþingis, þegar um hlutbundnar kosningar er að ræða.

Ef um óhlutbundna kosningu er að ræða, fer talning atkvæða fram með þeim hætti, að formaður kjörstjórnar les upp nöfnin, sem á kjörseðlinum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir skrifa tölurnar niður jafnóðum. Þeir, sem flest atkvæði fá, eru rétt kjörnir.

Þegar úrslit eru kunn um kosningu aðalmanna, byrjar kosning varamanna, og fer um hana á sama hátt.

Um það, ef kosningu í kjördeild þarf að fresta eða hún fellur niður, eða ef atkvæðasending kemur ekki til skila til yfirkjörstjórnar í tæka tíð eða ferst með öllu, fer í samræmi við gildandi ákvæði um kosningar til Alþingis.

XII. KAFLI

Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

28. gr.

Tilsvarandi framferði við það, sem talið er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll við kosningar til Alþingis, er jafnóleyfilegt að viðhafa við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar.

XIII. KAFLI

Kosningakærur.

81
23. júní

29. gr.

Bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosningar má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn eða hreppsnefnd, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fékk kærana, og bæjarstjórn kveða upp úrskurð sinn innan viku og hreppsnefnd innan 14 daga þar frá. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til ráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til ráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett á póst innan sama tíma. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins.

Að öðru leyti fer um kærur út af brotum á lögum þessum í samræmi við gildandi ákvæði um kærur út af brotum á lögum um kosningar til Alþingis.

XIV. KAFLI

Kosningar innan bæjarstjórna og hreppsnefnda.

30. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúa og hreppsnefndir oddvita úr flokki hreppsnefndarmanna (sbr. þó 3. málsg. þessarar greinar).

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn, eða verður kosinn, sérstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrétt í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrétt.

Nú gegnir, samkvæmt sérstökum lögum, bæjarfógeti eða lögreglustjóri bæjarstjórástörfum í bæjarstjórn eða oddvitastörfum í hreppsnefnd, og fer þá um atkvæðisrétt hans, málfrelsi og tillögurétt samkvæmt því, sem segir um bæjarstjóra (borgarstjóra) í 2. málsgrein þessarar greinar.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af ráðherra, ákvæði um starfssvið hans, laun og skrifstofufé, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórn kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoð-

81 23. júní endur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og endurskoðenda gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbréf.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiptingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykkt ákveðið að setja sérstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd tiltekiðna málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

31. gr.

Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs, skulu jafnan vera leynilegar og ennfremur hlutbundnar, ef þess er krafizt og fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hér segir: Þeir bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda forseta bæjarstjórnar eða oddvita hreppsnefndar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A, B, C o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skipti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les forseti (oddviti) upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A, B, C o. s. frv.) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir forseta (oddvita), og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A, hve mörg á B o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skipt, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3 o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hluta-tölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næsthæsta hlutatölu, o. s. frv. þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sé ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir forseti (oddviti) þá rétt kjörna án atkvæðagreiddslu.

32. gr.

Skólanefndarmenn í kaupstöðum, sáttanefndarmenn og aðrir starfsmenn kaupstaða og hreppa, sem kosnir hafa verið almennum kosningum, skulu kosnir af bæjarstjórnnum og hreppsnefndum.

XV. KAFLI

81

23. júní

Hvernig varamenn taka sæti í bæjarstjórnnum og hreppsnefndum.

33. gr.

Varamenn bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna kosinna hlutbundum kosningum taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Varamenn hreppsnefndarmanna kosinna óhlutbundnum kosningum taka sæti þannig, að fyrsti varamaður tekur sæti fyrsta aðalmanns, annar varamaður tekur sæti annars aðalmanns o. s. frv.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða skipuðum af bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

XVI. KAFLI

Kosningar í sýslunefndir og innan sýslunefnda.

34. gr.

Í hverjum hreppi skal kjósa einn sýslunefndarmann til 4 ára og einn varamann til sama tíma. Kosning til sýslunefndar fer fram á sama tíma og kosið er til hreppsnefndar og er stjórnað af sömu kjörstjórn. Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega með a. m. k. 14 daga fyrirvara. Kosningu sýslunefndarmanna skal haga á sama hátt og hreppsnefndarkosningum. Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

35. gr.

Nú er hreppi skipt, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Skal þá þegar kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Kosningu skal haga eftir fyrirmælum 33. gr.

36. gr.

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, ef þess er krafizt, og fer um kosninguna eftir fyrirmælum 30. gr.

XVII. KAFLI

Missir kjörgengis. Bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmanni eða sýslunefndarmanni veitt lausn eða vikið frá.

37. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd úrskurðar, hvort bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til ráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsg. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og ráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

XVIII. KAFLI

Kostnaður.

38. gr.

Kostnaður við bæjarstjórnarkosningar greiðist úr bæjarsjóði. Kostnaður við hreppsnefndarkosningar greiðist úr hreppssjóði.

XIX. KAFLI

Refsiákvæði.

39. gr.

Brot gegn lögum þessum varða refsingum í samræmi við refsíákvæði laga um kosningar til Alþingis.

XX. KAFLI

Niðurlags- og bráðabirgðaákvæði.

40. gr.

Jafnframt því, sem lög þessi öðlast gildi, falla úr gildi lög nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, lög nr. 119 29. des. 1933 og lög nr. 58 23. nóvember 1934, um breytingar á téðum kosningalögum, svo og önnur ákvæði laga, sem koma í bága við ákvæði þessara laga.

Almennar hreppsnefndarkosningar um land allt samkvæmt lögum þessum fara í fyrsta skipti fram á sama ári og hinar næstu almennu bæjarstjórnar-

kosningar, þ. e. árið 1938. Þangað til skal kjósa í hreppsnefndir samkvæmt lög- 81
um nr. 59 14. júní 1929, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og 23. júní
framangreindum breytingum á þeim lögum. Þó skal umboð allra hreppsnefndar-
manna, hvort sem þeir hafa setið lengur eða skemur, falla niður þegar eftir
hinar almennu hreppsnefndarkosningar 1938. Samsvarandi gildir um kosn-
ingar sýslunefndarmanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um ríkisútgáfu námsbóka.

82

23. júní

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherra gefur út, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og ritstjórnar
(sbr. 3. gr.), skrá yfir námsbækur þær, sem nauðsynlegar eru til barnafræðsl-
unnar í landinu, þannig, að uppfylltar verði kröfur fræðslulaganna. Í skránni
skal greina, til hverra námsgreina bækurnar skuli ná og hverjar kröfur skuli
gera um efni og efnismeðferð hverrar bókar.

2. gr.

Ríkið gefur út allar námsbækur, sem nauðsynlegar eru til barnafræðslunnar
í landinu samkvæmt skrá þeirri, er um getur í 1. grein, og dreifir þeim út á meðal
allra skólaskyldra barna í landinu, hvorttveggja í samræmi við ákvæði þessara
laga.

3. gr.

Ritstjórn námsbóka þeirra, sem út eru gefnar samkvæmt þessum lögum,
annast þriggja manna nefnd, skipuð til fjöggra ára í senn og á þennan hátt: Einn